

51
14da
desbr.

mér er kunnugt, hefir eigi verið kvartað yfir, að störf hins sameinaða embættis á þessum 4 mánuðum hafi verið vanrækt, þrátt fyrir það, að hinn nýi embættismaður hafi verið ókunnugur mönnum og högum bæði í sýslunni og í bænum, að skrifstofa hans hafi verið háð hinum sömu vandkvæðum, og loksins að hátíðarhöldin hér í sumar og ýms önnur atvik, sem orsakað hafa bæjarstjórnar-, dómara- og lögreglustörf, er ekki mátti gjöra ráð fyrir, hafi gert embættið örðugra, en það getr verið undir venjulegum kringumstæðum.

Það er sjálfsagt, að sameining embættanna gjörir það nauðsynlegt, að embættismaðurinn haldi reglulega skrifstofu, og hafi að minsta kosti einn fastan skrifara, er geti, þegar embættismaðurinn hefir störf fyrir utan skrifstofu sína, annaðhvort í bænum eða í sýslunni, á hans ábyrgð afgreitt störf þau, er koma fyrir á skrifstofunni, og það mun, ef þessi skrifari ekki hefir hæfilegleika til að gegna dómarastörfum í forföllum bæjarfógetans, ekki veita örðugt að fá meðal hinna lögfróðu embættismanna, sem eru hér í bænum, mann, er setja megí í forföllum dómarsins til að gegna slíkum störfum.

Skyldi það síðar reynast — en slík reynsla hefir, eins og sagt er, enn eigi getað komið fram — að sameining sú, sem um hefir verið rætt, sé óhagkvæm, og verði það mögulegt að aðgreina embættin án þess að hækka tillagið til þeirra úr landssjóðnum, og gæti þetta, ef til vill, orðið, þegar embættið losnaði, mun það verða nákvæmar íhugað, hvort eigi að framkvæma slíka aðgreiningu.

52
21sta
nóvbr

Bréf biskupsins (til allra prófasta).

Þar eð það því miður er of almennt, að því er of lengi skotið á frest, að kenna börnum að lesa og láta þau byrja að læra kristindóminn, verður einnig afleiðingin sú, að þegar þau eru tornæm eða viljalitil, einkanlega þegar þau eru umkomulaus eða sveitarbörn, eru þau lítið komin áleiðis í bóklestri og kristindómsnámi á venjulegum fermingaráldri, en þegar þau hafa náð þessum aldri, er farið að hafa þau til vika og snúninga og annarar vinnu, og bóknámið er látið sitja á hakanum, svo þegar þessir vanræktu unglingar eru 18 ára eða eldri, er sótt um biskupsleyfi til að ferma þá, þó þeir séu lítt læsir og hafi ekki lært nema nokkuð framan af barnalærdómsbókinni.

Til að reyna að bæta úr þessu, vil eg hér með þenustusamlega biðja yðr, herra prófaste, að skora á sóknarprestana í yðar prófastsdæmi að hafa nákvæmt eptirlit með því í söfnuðunum, að ofangreint hirðuleysi eigi sjer ekki stað, og í því skyni rita í sálregistretrín, hvernig hvert barn er lesandi og hve langt það er komið að læra, hvort heldur það er Balles eða Balslefs barnalærdómsbók, eins og eg líka treysti því, að þeir láti ekki sitt eptir liggja, að gefa foreldrum og húsbændum nauðsynlega áminningu í þessu efni, sem og að þér, herra prófaste, á visitatíuferðum yðar vandið um þetta og skoðið vandlega sálregistretrin í hverjum stað.

Embættismenn skipaðir.

Hinn 2. dag desembermánaðar hefir landshöfðinginn staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 11. ágúst þ. á., handa síra Guðjóni Hálfðánarsyni fyrir Krossþingaprestakalli með að interim Sígluvík í Rangárvallasýslu.

S. d. staðfesti landshöfðinginn veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 7. september þ. á., handa prófasti síra Bergi Jónssyni fyrir Ássprestakalli í Fellum.

Hinn 19. dag desembermánaðar skipaði biskupinn settan prófast síra Sæmund Jónsson á Hraungerði til að vera prófast í Árnessýslu.

ÁGRIP

af skýrslu landshöfðingjans til ráðgjafans fyrir Ísland um hagi landsins árið 1873.

I. Mannföldinn.

Fæddir					Mæðr, er f.		Dánir					Fermdir		
karlk.	kvenn- kyns	alls	af þeim voru and- vana fædd	óskil- getin	skilgetin börn	óskil- getin börn	karlk. kyns	kv. kyns	alls	Af þeim dóu af slysum kk. kvk	Hjóna- bönd	kk.	kvk.	alls
1240	1197	2437	68	425	1981	420	955	952	1907	71 10	431	767	725	1492

Munrinn á tölu fæddra barna og mæðra, er hafa fætt, kemr af því, að af fæðingunum voru 36 tvíburafæðingar.

Af þeim 81 manni, er dóu í slysförum, druknuðu 65, 1 brann inni, 15 fór-
ust af öðrum slysum.

Þegar tala dáiinna er borin saman við tölu fæddra sést, að 530 hafa á
árinu fæðst fleiri en dáið.

II. Búnaðarástandið í fardögum 1873.

	Nautpeningr.				Sauðfænaðr.				
	Kýr og keifdar kvígur	Gríðung- ar og geld- neyti eldri en vetrg.	Vetrg. nautpen- ingr.	Sam- tals	Ær		Sauðir og hrútar eldri en vetrg.	Geml- ingar	Samtals
					með lömb- um	geldar			
í suðrumdæminu	6909	217	1636	8762	52079	2831	17586	41768	114264
í vestrumdæminu	3784	345	804	4933	44446	3719	10358	30703	89226
í n. og austrumd.	6299	943	1349	8591	97002	11331	39821	64906	213060
á öllu landinu	16992	1505	3789	22286	193527	17881	67765	137377	416550

	Geitfè	Hross.			Skip og bátar.			
		Hestar og hryssur eldri en 4 vetra	Trippi vetrg. til 3 vetra	Samtals	Þilju- skip	12, 10 og 8 æring- ar	6 og 4 manna- fór	Minni bátar og byttur
í suðrumdæminu	„	8968	3582	12550	14	142 $\frac{1}{4}$	510 $\frac{3}{4}$	620 $\frac{1}{2}$
í vestrumdæminu	19	4569	1250	5819	19 $\frac{1}{2}$	88 $\frac{3}{4}$	437 $\frac{3}{4}$	639 $\frac{1}{2}$
í norðr og austrumd.	151	9008	2258	11266	31 $\frac{1}{2}$	17	381 $\frac{1}{2}$	556
á öllu landinu	170	22545	7090	29635	65	248	1330	1816

III. Siglingar og verzlun.

A. Til landsins komu á árinu 1873 þessi verzlunarskip
(auk herskipa og fiskiskipa).

frá Danmörk		frá öðrum löndum		alls	
skip tals	hvað þau báru, reiknað í register tons	skip tals	hvað þau báru, reiknað í register tons	skip tals	hvað þau báru, reiknað í register tons
98	7505,92	59	6413,63	157	13919,55

Í þessum tölum eru eigi með talin skip þau, er komu til Ísafjarðarsýslu á árinu 1873, því skýrsla hefir eigi enn komið frá þessari sýslu. (Árið 1870 komu til sýslunnar 14 skip, er báru 942 tons, frá Danmörku, og 5 skip, er báru 464 tons, frá öðrum löndum, alls frá útlöndum 19 skip, er báru 1406 tons).

B. Á árinu 1873 hafa alls 66 fastar verzlunarir verið reknar hér á landi. Eigendr voru:

4 innlend verzlunarfélög	—	5 verzlunum
25 aðrir innlendir kaupmenn	—	25 —
22 í Danmörk búsettir kaupmenn	—	31 —
3 kaupmenn í öðrum löndum	—	5 —

C. Einungis frá 10 sýslum hafa komið skýrslur um verðlag á inn- og útfluttum varningi. Af þeim er reiknað út meðalverð á hinum helztu vörum og skal skýrt frá þessum upphæðum, þó þær sökum þess, að margar skýrslur vantar, geti eigi verið nákvæmar.

1. á innfluttum vörum:				2. á útfluttum vörum:			
rúgi	fyrir	tunnuna 10rd.	1 sk.	saltfiski fyrir	skpd.	24rd.	5sk.
rúgmjöl	—	10	1	harðfiski	—	29	74
bankabygg	—	14	28	hákarlslýsi fyrir	tunnuna	25	6
baunir	—	11	92	selalýsi og þorska fyrir			
salt	—	3	68	tunnuna		21	54
steinkolum	—	3	55	saltað kjöt fyrir	lpund.	1	45
brennivíni fyrir	pottinn	„	28	tólg fyrir	pnd.	„	20
kaffi fyrir	pundið	„	45½	æðardún	—	7	90
melissykri	—	„	26½	hvít ull	—	„	50
kandissykri	—	„	27½	mislit ull	—	„	37
þúðrsykri	—	„	21				

D. Skýrslur um inn- og útfluttar vörur hafa, eins og hinar skýrslurnar, komið mjög dræmt, og hefir því eigi verið tími til að semja eptir þeim aðal-skýrslu fyrir allt landið.

IV. Dómgæzlan.

A, lögreglumál.

	Mál milli einstakra manna							Ákærðir um brot gegn almennri lögreglu			
	tekin til meðferðar	sætt	hafin	dæmd	sýkn- aðir	í hinum dæmdu málum voru dæmdir		ákærð- ir	sýkn- aðir	dæmdir	
						til sekta	til þyngri refs.			til sekta	til meiri refs.
í suðrumdæminu	19	11	3	5 ¹	2	2	„	26	8	18	„
í vestrumdæminu	10	9	„	1	„	1	„	10 ²	2	3	„
í n. og austrumd.	6	„	„	6	1	5	„	9	2	7	„
á öllu landinu	35	20	3	12	3	8	„	45	12	28	„

1) Um innihald 1 dóms í Vestmannaeyjasýslu hefir engin skýrsla komið.

2) Skýrslan frá Ísafjarðarsýslu getr um 5 ákærða, en segir ekki, hvað gert hafi verið í málunum gegn þeim.

B. Sakamál.

	Á- kærðir voru	sýkn- aðir	dánir fyrir en málin voru dæmd	Málin ót- kljád við árs- lok með tilliti til	Dæmdir í sektir	hýð- ingu eðr fang- elsi	hegn- ingar- vinnu	Af hinum dæmdu höfðu áðr verið dæmd- ir	Undir rann- sókn mál- anna voru hafðir í varðh.
í suðrumdæminu	17	1	„	„	3	13	„	3	6
í vestrumdæminu	4	„	1	2	„	1	„	„	„
í norðr og austrumd.	10	„	„	„	1	9	„	2	1
á öllu landinu	31	1	1	2	4	23	„	5	7

- a. Um þjófnað voru sakaðir 25,
af þeim 1 meðfram um svik, 1 meðfram um að hafa unnið annan
til að bera falsvitni fyrir rétti, 1 meðfram um ranga sakargipt,
- b. um ólöglega meðferð á fundnum fjármunum 3,
- c. um falsvitni fyrir rétti 1,
- d. um að hafa valdið mannsbana af gáleysi , 1,
- e. um voðaskot 1.

C. Mál, er sáttanefndirnar hafa farið með:

	tekin til meðferð- ar	sætt	skotið á frest	vísað til dómstól- anna	stefnt	sáttanefnd- irnar eru í antinu tals	engin mál höfðu haft til meðferðar
í suðrumdæminu	87	41	„	46	16	44	18
í vestrumdæminu	30	23	1	6	1	42	24

Skýrslurnar frá norðr- og austramtinu eru enn eigi komnar.

D. Yfirdómurinn

hafði til meðferðar á árinu	26 mál.
Af þeim voru: sakamál	6
mál um brot gegn almennri lögreglu	2
mál einstakra manna	18

Í 25 málum voru kveðnir upp dómar, 1 máli var vísað heim í hérað.

V. Skipt bú.

Við byrjun ársins höfðu skiptaráðendr til meðferðar frá fyrri árum	156 bú
á árinu bættust við	312—
alls	468—

Skiptum var lokið á	260—
Við árslok höfðu skiptaráðendr til meðferðar	208—

Af hinum skiptu búum voru 207 gjaldfær, 53 gjaldþrota. Öll búin að undanteknu einu voru dánarbú.

VI. Tilsjón með ómagafé.

Skýrslur frá yfirfjarráðöndum fyrir árið 1873 hafa ekki komið enn.

VII. Efnahagr sveitasjóða.

Skýrslurnar frá vestramtinu eru eigi enn komnar.

VIII. Gjald til búnaðarskóla.

var samkvæmt tilskipun frá 12. febrúar 1872 heimtað saman í fyrsta sinn á manntalsþingunum 1873 og nam það þessum upphæðum:

í suðrumdæminu	444 rd. 53 sk.
í vestrumdæminu	318— 42—
í norðr- og austrumdæminu	589— 60—
alls	1352— 59—